# FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 172/2013

2013/EES/64/14

**frá 26. febrúar 2013**

**um að taka tiltekin fyrirliggjandi vínheiti af skránni sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ([1]), einkum 3. mgr. 118. gr. s í tenglum við 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Vínheiti sem nutu verndar í samræmi við 51. og 54. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir vín ([2]) og 28. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða ([3]) nutu sjálfkrafa verndar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1234/2007. Þessi vínheiti (hér á eftir nefnd „vínheiti sem til eru og njóta verndar") eru skráð í skrána yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar, landfræðilegar merkingar fyrir vín sem komið var á fót í samræmi við 118. gr. n í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 (hér á eftir nefnd „skráin").

2) Að því er varðar þessi vínheiti sem til eru og njóta verndar þurftu aðildarríkin, eigi síðar en 31. desember 2011, að senda framkvæmdastjórninni tækniskjölin og landsbundnar ákvarðanir um samþykki. Í samræmi við 3. mgr. 118. gr. s í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 fellur vernd fyrir vínheiti, sem til eru og njóta verndar samkvæmt þeirri reglugerð, niður ef ekkert var sent fyrir þann tíma. Þessi heiti skal því fjarlægja úr skránni.

3) Fjarlæging úr skránni skal ekki hafa áhrif á vín sem sett voru á markað eða merkt með vínheitum, sem fjarlægja skal úr skránni, fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar. Setning þessara vína á markað skal því leyfð þar til birgðir eru uppurnar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar fyrir sameiginlega markaðskerfið fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Vínheiti, sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð skulu fjarlægð úr skránni sem komið var á fót í samræmi við 118. gr. n í reglugerð (EB) nr. 1234/2007.

*2. gr.*

Vín, sem sett eru á markað eða merkt fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar og bera vínheitin sem um getur í 1. gr., má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppurnar.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 55, 27.2.2013, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1.

*VIÐAUKI*

**Vínheiti sem um getur í 1. gr.**

| Land | Heiti sem skal fjarlægja |
|---|---|
| Grikkland | Αδριανή |
| | Βίλιτσα |
| | Κορωπί |
| | Μονεμβασία |
| | Παιανία |
| | Πλαγιές Πετρωτού |
| | Σύρος |
| Spánn | Abanilla |
| Frakkland | Aigues |
| | Allier |
| | Argens |
| | Balmes Dauphinoises |
| | Bénovie |
| | Bérange |
| | Bessan |
| | Bigorre |
| | Blanquette de Limoux |
| | Blanquette méthode ancestrale |
| | Bordeaux Côtes de Francs |
| | Bordeaux Haut-Benauge |
| | Bourbonnais |
| | Cassan |
| | Caux |
| | Cessenon |
| | Charente |
| | Charentes Maritimes |
| | Chaume — Premier Cru des coteaux du Layon |
| | Cher |
| | Collines de la Moure |
| | Comté de Grignan |
| | Coteaux de Bessilles |
| | Coteaux de Cèze |
| | Coteaux de Fontcaude |
| | Coteaux de la Cabrerisse |
| | Coteaux de l'Ardèche |
| | Coteaux de Laurens |
| | Coteaux de Miramont |
| | Coteaux de Montélimar |
| | Coteaux de Murviel |
| | Coteaux du Grésivaudan |
| | Coteaux du Layon Chaume |
| | Coteaux du Littoral Audois |

| | |
|---|---|
| | Coteaux du Salagou |
| | Coteaux du Verdon |
| | Coteaux et Terrasses de Montauban |
| | Coteaux Flaviens |
| | Côtes de Castillon |
| | Côtes de Ceressou |
| | Côtes de Lastours |
| | Côtes de Montestruc |
| | Côtes de Pérignan |
| | Côtes de Prouilhe |
| | Côtes du Brian |
| | Côtes du Condomois |
| | Côtes du Vidourle |
| | Crépy |
| | Creuse |
| | Cucugnan |
| | Deux-Sèvres |
| | Dordogne |
| | Doubs |
| | Entre-Deux-Mers-Haut-Benauge |
| | Haute-Garonne |
| | Hauterive |
| | Haute-Saône |
| | Hautes-Pyrénées |
| | Hauts de Badens |
| | Indre |
| | Indre et Loire |
| | Languedoc Grès de Montpellier |
| | Languedoc La Clape |
| | Languedoc Picpoul-de-Pinet |
| | Languedoc Terrasses du Larzac |
| | Loir et Cher |
| | Loire-Atlantique |
| | Loiret Lot et Garonne |
| | Maine et Loire |
| | Meuse |
| | Mont Baudile |
| | Monts de la Grage |
| | Néac |
| | Nièvre |
| | Petite Crau |
| | Premières Côtes de Blaye |
| | Principauté d'Orange |
| | Pyrénées Orientales |
| | Pyrénées-Atlantiques |
| | Sainte Baume |

| | |
|---|---|
| | Sarthe<br>Seine et Marne<br>Tarn<br>Tarn et Garonne<br>Terroirs Landais<br>Touraine Amboise<br>Touraine Azay-le-Rideau<br>Touraine Mestand<br>Val de Cesse<br>Val de Dagne<br>Val de Montferrand<br>Vaunage<br>Vendée<br>Vienne<br>Vins du Thouarsais<br>Vistrenque<br>Volnay Santenots |
| Ítalía | Alto Tirino<br>Cagnina di Romagna<br>Condoleo<br>Dolcetto delle Langhe Monregalesi<br>Dolcetto di Dogliani<br>Dolcetto di Dogliani Superiore<br>Donnici<br>Esaro<br>Golfo dei Poeti La Spezia<br>Guardia Sanframondi<br>Malvasia di Cagliari<br>Monica di Cagliari<br>Moscato di Cagliari<br>Pagadebit di Romagna<br>Pietraviva<br>Pollino<br>Romagna Albana spumante<br>Rosso Canosa<br>San Vito di Luzzi<br>Sangiovese di Romagna<br>Sant'Agata de' Goti<br>Solopaca<br>Trebbiano di Romagna<br>Valle del Crati<br>Valle Peligna<br>Verbicaro |

| | |
|---|---|
| Lúxemborg | Crémant du Luxembourg |
| Ungverjaland | Alföldi<br>Dél-alföldi<br>Dél-dunántúli<br>Duna melléki<br>Egerszóláti Olaszrizling<br>Észak-dunántúli<br>Nyugat-dunántúli<br>Somlói Arany<br>Somlói Nászéjszakák bora<br>Tisza melléki<br>Tisza völgyi<br>Villányi védett eredetű classicus |
| Portúgal | Moscatel de Setúbal<br>Vinho Espumante Beiras<br>Vinho Regional Beiras |
| Rúmenía | Cernătești — Podgoria |